Sveitarfélagið mun fylgja eftir kröfum um mótvægisáðgerðir, vöktun eftirlit og samráð við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fyrir framkvæmdinni.

Afstaða sveitarstjórnar

Framkvæmd þessi mun skapa fjölmörg störf á byggingartíma virkjunarinnar sem taka nálægt tveim árum.

Að byggingartíma loknum munu varanlegt störf vera tvö til þrjú. Þar til viðbótar koma afleidd störf. Það er einn að megin hlutverkum sveitarstjórnar að tryggja atvinnu í sveitarfélaginu og skapa ný störf, þetta er forsenda þess að byggð haldist áfram blómleg til framtíðar.

Loftlínur á þessu svæði eru orðnar gamlar og þar að auki fulllestaðar þannig að frekari uppbygging atvinnulífs á svæðinu verður stöðugt erfiðari.

Erfitt veður að þjónusta rafmagnsbíla með hleðslustöðvum ef ekki kemur til aukið rafmagn á svæðinu. Fyrirhuguð orkuskipti ökutækja sem stjórnvöld stefna að eru óframkvæmanleg hvað þetta svæði varðar að óbreyttu. Þess má geta að hraðhleðslustöð tekur 150 kw.

Umhverfisáhrif virkjunarinnar eru mjög lítil. Ekki mun safnast fyrir framburður í farvegi né í kring og við hönnun á virkjuninni er gert ráð fyrir að framburði verði skolað niður ána jafnóðum um sérstaka botnrás.

Rennslisbreytingar verða með þeim hætti að rennsli minnkar svolítið á virkjuðum kafla að öðru leyti munu rennslissveiflur vera með sama hætti og þær hafa verið síðustu árhundruð.

Vegalagning sem fylgir þessari framkvæmd munu falla vel inn í landslagið, bæta aðgengi að svæðinu um ókomna framtíð og gera fólki mögulegt að nálgast það fallega landslag sem þarna er að finna. Í því liggja tækifæri fyrir ferðaþjónustuna ásamt að dreifa álagi á fjölsóttu ferðamannastaði í Skaftárhreppi.

Það má öllum ljóst vera að þessi virkjun mun skapa það öryggi í raforkumálum sem nauðsynlegt er fyrir svæðið og tryggja að eðlileg uppbygging geti átt sér stað.

Það er rétt að geta þess að Skaftfellingar eru frumkvöðlar á Íslandi í vatnsvirkjunum bæði í smíði og uppsetningu minni virkjana.

Sveitarfélagið mun fylgja eftir kröfum um mótvægisáðgerðir, vöktun eftirlit og samráð við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fyrir framkvæmdinni.

Brugðist hefur verið við þessu og uppdráttur í deiliskipulagi færður í þá mælikvarða sem Skipulagsreglugerð mælir fyrir.

Starfsmannabúðir hafa verið betur skilgreindar á deiliskipulagsuppdrætti.

Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar í deiliskipulagi.

11) Náttúrufræðistofnun Íslands

Gerir athugasemd og telur að ef að skipulagsáformin verði samþykkt og Hnútuvirksjun verði framkvæmd, þá muni umtalsverðum einstökum náttúruverðmætum verða raskað, að stórum hluta til á öafturkræfan hátt. Sú ákvörðun yrði einnig á skjön við álit Skipulagsstofnunar.

NÍ hefur veitt umsagnir um Hnútuvirksjun á fyrri stigum málsins. Þar má nefna umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu Hnútuvirksjunar dags. 24. október 2017 og umsögn til Skaftárhrepps um skipulags- og matlýsingu þeirra skipulagsáforma sem fjallað er um hér dags. 22. desember 2020.



Í umsögn sinni um frummatsskýrsluna greindi NÍ frá sjónarmiðum sínum um m.a. eftirfarandi:
o Að áformaðar framkvæmdir myndu að mati stofnunarinnar valda óafturkræfu raski á Skaftáreldahrauni sem hefur alþjóðlegt verndargildi, nýtur sérstakar verndar skv. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, og er í dag að mestu öröskuð heild. Yfirborð er vel sýnilegt og verndargildi því lítt rýrt þó sandþekja hylji það að hluta. Rök um að gróðurhula rýri verndargildi á ekki við að mati NÍ nema þegar ekki lengur má greina auðveldlega hvort um hraun sé að ræða, og alls ekki við um mosavaxið hraun.

o Að gera þyrfti betur grein fyrir ákveðnum atriðum t.d. efnisþörf framkvæmdarinnar og hvaða efnismagn væri ráðgert að sækja í hvern efnistökuastað fyrir sig, fyrir uppistöðulóninu sem myndast við stíflugarðinn og áhrifum þess á umhverfið, fyrir áhrifum svifaurs í Hverfisfljóti t.d. í aðrennslis- og frárennslisgöngum, fyrir aurskolunarmannvirki og hvað verði gert við aur sem skolast út, fyrir því hvaða áhrif virkjunin hefur á virk rof og landmótunarferli í Hverfisfljóti og fyrir áhrifum á vatnalíf annað en fiska.

o Að rökstyðja þyrfti betur raforkuþörfina í ljósi röskunar sem verður á vernduðu hrauni.

Í umsögn sinni um skipulags- og matlýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi Hnútuverkjunnar vísaði NÍ í og tók undir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum verkunnarinnar frá 3. júlí 2020. Þar vega eftirfarandi atriði þyngst:

o Að Skipulagsstofnun metur að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn fyrir röskun á Skaftáreldahrauni sbr. lögskýringargögn við 61. grein náttúruverndarlaga.

o Að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir verði verulega neikvæð.

o Að framkvæmdin muni hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og víðerni á einstöku svæði.

o Að lögð sé áhersla á að hönnun allra mannvirkja miði að því að inngríp í landslag og náttúru verði í lágmarki.

o Að um sé að ræða framkvæmd sem hafi verulega neikvæð umhverfisáhrif að mati Skipulagsstofnunar og tilefni hefði verið til að meta með öðrum verkjunarkostum í rammaáætlun.

Umhverfisáhrifin eru neikvæð fyrir nær alla umhverfisþætti sem fjallað er um og þar af verulega neikvæð fyrir jarðminjar og ásýnd. NÍ telur því ástæðu til að halda til streitu fyrri athugasemdum um verkjunaráformin og visar í fyrri umsagnir sínar varðandi ábendingar um einstök efnisatriði er varða umhverfisáhrifin og verndargildi svæðisins.

Þess til viðbótar gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir við eftirfarandi efnisatriði skipulagstillagnanna:

o Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar á bls. 15 segir að „áhrif á vatnalíf verða engin þar sem áin er ekki fiskgeng á þessum kafla.“ Náttúrufræðistofnun bendir á að vatnalífriki einskorðast ekki við fiska og meta þarf möguleg áhrif á annað lífríki í ánni t.d. smádyralíf og gróðurfur en það hefur ekki verið gert. Áhrif á vatnalífriki á einum stað í ánni getur haft afleiðingar fyrir lífríki neðar í vatnasviðinu þ.m.t. fiska og einnig á nálægt lífríki t.d. fuglategundir sem nýta sér vatnalífverur sem fæðu.

o Í umhverfisskýrslunni í umfjöllun um ásýnd segir „að einhverju leyti er unnt að draga úr sýnileika mannvirkja með markvissum frágangi og hönnun mannvirkja.“ Í greinargerð með deiliskipulagi er litið eitt greint frá slíkum frágangi t.d. varðandi þrýstipípuna sem verður hulin sandlagi og jarðvegi og að stöðvarhúsið verði niðurgrafið að hluta. Ekki er nema á mjög almennum nótum fjallað um hvernig byggingar eiga að falla vel að landslagi.

o Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins segir á bls. 14 að áhrif á Núpahraun séu metin „nokkuð neikvæð“ þar sem hraunið sé að hluta hulið gróðri eða sandorpið og því með minna verndargildi. Náttúrufræðistofnun bendir á að það eigi ekki við um allt hraunið, það sé engu að síður undir sérstakri verndun 61. greinar og því eðlilegra að meta áhrifin „talsvert neikvæð“ þó þau megi teljast minna neikvæð en áhrif framkvæmdar á Skaftáreldahraun.

o Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins í umfjöllum um áhrif á vatnafar er ekki fjallað um áhrif framkvæmdar á rof- og landmótunarferli vegna breytts rennslis.

o Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins segir að stefnt sé að landgræðslu í stað fyrir gróið land sem tapast. Það er jákvætt og einnig að fylgja eigi leiðbeiningum Landgræðslunnar um að



endurheimta þrefalt meira en það sem tapast og að einungis eigi að notast við tegundir sem finnast á svæðinu.

Sveitarstjórn hefur farið yfir athugasemdir samkvæmt gr. 4.7.1 í reglugerð nr. 90/2013 í samræmi við lög nr. 123/2010. Auglýst breyting á aðalskipulagi lýsir stefnu sveitarstjórnar um landnotkun og fjallar um stefnumörkun í skipulagsmálum.

Sveitarfélagið telur að með nýju svæði fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi við Hnútu í aðalskipulagi og lýsing á helstu einkennum virkjunar í mati á umhverfisáhrifum, sé sett fram stefna sem stuðli að markvissri þróun fyrir íbúa á svæðinu til framtíðar.

Breytingin er háð þágildandi lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana sbr. 1. viðauka við lög nr. 106/2000 og þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. en þar segir í lið 3.02 að jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaöfl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett raföfl eða meira séu í A-flokki en þar eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig er framkvæmdin háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem tóku gildi í september 2021. Framkvæmdin við Hnúta í Hverfisfljóti var úrskurðuð matsskyld. Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið í formlegu matsferli síðan 2006 með hléum og fyrir liggur matsskýrsla frá desember 2019 (Mannvit). Skipulagsstofnun gaf út álit 3. júní 2020 þar sem stofnunin telur að fyrirhuguð virkjun muni hafa verulega neikvæð áhrif á Kötlu jarðvang, skerði óbyggð víðerni sem fjallað er um í Landskipulagsstefnu 2015-2026 og Skaftáreldahraun.

Í matsskýrslu er meðal annars fjallað um áhrif á ásýnd fyrir svæðið sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á helstu einkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, meta gildi og viðkvæmni og hve mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd geti haft á sjónræna þætti og upplifunargildi. Jafnframt er í matsskýrslu fjallað um áhrif á jarðmyndanir, gróður, lífríki, samfélag og mótvægisáðgerðir.

Markmið breytingarinnar á aðalskipulagi er að auka raforkuöryggi á svæðinu og framleiða rafmagn til sölu á almennan markað. Auk þess gilda markmið Aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 um iðnaðarsvæði sem eru:

o Auka þarf atvinnusköpun á öðrum sviðum en ferðaþjónustu.

o Að raforkuvinnsla nýtist til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar í Skaftárhreppi.

o Að virkjunaráform og hugsanlegar framkvæmdir lúti skilyrðum umhverfismats og hlíti samanburði við aðra nýtingarkosti sem íbúar sveitarfélagsins telja fýsilega.

Sveitarfélagið telur að framkvæmdin geti samræmst markmiðum í Kötlu jarðvangi en þar segir að svæðið hafi stefnumótun um sjálfbæra efnahagslega þróun. Markmið með KÖTLU jarðvangi er ekki að stöðva efnahagslega þróun, jarðvangurinn er stór og þekur 9542 km² landsvæði og rúmlega 9% af flatarmáli landsins. KATLA jarðvangur nær yfir frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Þéttbýliskjarnar í Kötlu jarðvangi eru Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur. Áform um vatnsaflsvirkjun við Hnúta hafa verið í aðalskipulagi sveitarfélagsins síðan 2008 og komu ekki í veg fyrir stofnun jarðvangsins 2011 og því telur sveitarfélagið að 9,3 MW rennslisvirkjun rúmist innan jarðvangsins og muni ekki skerða gildi hans. Umfang virkjunaráforma í aðalskipulagi hafa verið minnkuð frá upprunalegum hugmyndum.

Sveitarfélagið telur jafnframt að þar sem fyrirhuguð framkvæmd er utan marklínu hálendismarka og falli hún því ekki innan þeirra skilgreiningar er varðar víðerni segir „46. gr. Óbyggð víðerni. Friðlýsa má sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum“ (lög nr. 60/2013). Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er í kafla 1.1 lögð áhersla á að viðhaldið skuli



sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins og landslagsheildum. Þrátt fyrir nálægð við miðhálandið liggur svæðið ekki innan þess og er aðeins hluta til innan óbyggðra víðerna, það er þó nokkru neðar í landi og þar er að finna nálægt býli í ábúð og landbúnaðarsvæði, vegslóða og fjallakofan Miklafell og því ekki talið að óbyggð víðerni eigi við. Framkvæmdinni fylgir hins vegar rask og mun breyta einkennum landslags og ásýnd svæðis.

Í niðurstöðu sinni telur því Sveitarfélagið að þrátt fyrir að áhrif verði á KÖTLU jarðvang, og að hluta til á óbyggð víðerni og Skaftáreldahraun þá samræmist virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu markmiðum aðalskipulags og að það sé jákvætt að styðja við orkuvinnslu á endurnýjanlegri orku í sveitarfélaginu sem geti stuðlað að fjölbreyttari atvinnuuppbyggingar og atvinnusköpun í Skaftárhreppi til framtíðar.

Sveitarfélagið mun fylgja eftir kröfum um mótvægisáðgerðir, vöktun eftirlit og samráð við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fyrir framkvæmdinni.

Afstaða sveitarstjórnar

Framkvæmd þessi mun skapa fjölmörg störf á byggingartíma virkjunarinnar sem taka nálægt tveim árum.

Að byggingartíma loknum munu varanlegt störf vera tvö til þrjú. Þar til viðbótar koma afleidd störf. Það er einn að megin hlutverkum sveitarstjórnar að tryggja atvinnu í sveitarfélaginu og skapa ný störf, þetta er forsenda þess að byggð haldist áfram blómleg til framtíðar.

Loftlínur á þessu svæði eru orðnar gamlar og þar að auki fulllestaðar þannig að frekari uppbygging atvinnulífs á svæðinu verður stöðugt erfiðari.

Erfitt veður að þjónusta rafmagnsbíla með hleðslustöðvum ef ekki kemur til aukið rafmagn á svæðinu. Fyrirhuguð orkuskipti ökutækja sem stjórnvöld stefna að eru óframkvæmanleg hvað þetta svæði varðar að óbreyttu. Þess má geta að hraðhleðslustöð tekur 150 kw. Umhverfisáhrif virkjunarinnar eru mjög lítil. Ekki mun safnast fyrir framburður í farvegi né í kring og við hönnun á virkjuninni er gert ráð fyrir að framburði verði skolað niður ána jafnóðum um sérstaka botnrás.

Rennslisbreytingar verða með þeim hætti að rennsli minnkar svolítið á virkjuðum kafla að öðru leyti munu rennslissveiflur vera með sama hætti og þær hafa verið síðustu árhundrað.

Vegalagning sem fylgir þessari framkvæmd munu falla vel inn í landslagið, bæta aðgengi að svæðinu um ókomna framtíð og gera fólki mögulegt að nálgast það fallega landslag sem þarna er að finna. Í því liggja tækisæri fyrir ferðaþjónustuna ásamt að dreifa álagi á fjölsóttu ferðamannastaði í Skaftárhreppi.

Það má öllum ljóst vera að þessi virkjun mun skapa það öryggi í raforkumálum sem nauðsynlegt er fyrir svæðið og tryggja að eðlileg uppbygging geti átt sér stað.

Það er rétt að geta þess að Skaftfellingar eru frumkvöðlar á Íslandi í vatnsvirkjunum bæði í smíði og uppsetningu minni virkjana.

Sveitarstjórn mun gera kröfur um að efnistökuáætlunar af hendi framkvæmdaraðila áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Í efnistökuáætlun á að setja fram hvar efni er tekið, umfang um hve mikið m2 og m3, hve langt niður er áætlað að vinna og hvernig efnið verður unnið og hvernig frágangi er hátað og setja fram tímaáætlun.

Framkvæmdaraðili setji fram á hvernig aurskolun hafi áhrif á lífríkið.



Sjá rökstuðning hér að ofan.

Á tímabilinu 2016 ? 2020 hefur alls 11 sinnum komið til truflana á afhendingu raforku á svæðinu. Með tilkomu virkjunarinnar yrði raforkuafhending inn á dreifikerfi RARIK verða öruggara og unnt væri að leggja varavél á Klaustri og þar með minnka olúnotkun í bilanatilfellum.

Í raforkuspá Landsnets er gert ráð fyrir að hámarksafnotkun verði í kringum 5,5 MW árið 2060 eða 27,6 GWh.

Í dag er heildarnotkunin 21,9 GWh og afltoppurinn er 4,4 MW.

Hér er um að ræða um 25% aukningu.

Það að farvegur Hverfisfljóts verði vatnslitill eða jafnvel vatnslaus er árlegur viðburður yfir köldustu mánuði ársins. Fiskileit í vatninu bar ekki árangur. Vegna þess var ákveðið að leggja ekki út í kostnaðarsamar rannsóknir á vatnalífi þó vissulega sé ljóst að þrífist líf í ánni.

Á þessu stigi hefur verkhönnun ekki farið fram. Framkvæmdir verða á viðkvæmu svæði og því mikilvægt að hönnun og frágangur takið mið af því. Stefnt er að því að stöðvarhúsi verði að hluta niðurgrafið og þannig unnt að nýta uppgröft til landmótunar eins og kostur er. Einnig er áhersla lögð á vandað litaval sem hjálpar til við að fella mannvirki að nærliggjandi umhverfi.

Umfröllum um jarðmyndanir var ítarleg í matsskýrslu verkefnisins. Hún byggði meðal annars á vettvangsferð jarðfræðings sem tók út þá hraunkafla sem myndu raskast. Ljóst er að röskun verður á hraunköflum og er matsatriði hvort áhrif séu nokkuð eða talsvert neikvæð. Einkunnin í umhverfismati byggir á umfangi áhrifa og minna verndargildi vegna gróðurhulu.

Ljóst er að aurskolunarmannvirki þarf til að rekstur virkjunar gangi nokkuð eðlilega fyrir sig. Tilgangur aurskolunarmannvirkis er að skilja aur frá vatninu þannig að hann komist ekki í vélar virkjunar þar sem hann getur valdið tjóni. Aur er skilað aftur út í Hverfisfljót jafnóðum.

12) Umhverfisstofnun (UST)

UST telur að í skipulaginu vantar umfröllum um hver brýna nauðsynin er og hvaða ríku almanna hagsmunir réttlæti röskun á svæðinu.

UST tekur undir niðurstöðu Skipulagsstofnunar að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn enda telur stofnunar að líklegast væri hægt að ná markmiðum framkvæmdarinnar með einfaldari hætti og mun minni umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga skal við mat á veitingu framkvæmda- og byggingarleyfis líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaradila, sbr. 5. mgr. ákvæðisins. Leyfisveitandi skal senda Umhverfisstofnun afrit af útgefnu framkvæmda- og byggingarleyfi, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Mikilvægt er að hafa hliðsjón af þessum ákvæðum við ákvörðun um breytingu á skipulagi enda er skipulagið forsenda þess að framkvæmda- og byggingarleyfi verði veitt, sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Sveitarstjórn hefur farið yfir athugasemdir samkvæmt gr. 4.7.1 í reglugerð nr. 90/2013 í samræmi við lög nr. 123/2010. Auglýst breyting á aðalskipulagi lýsir stefnu sveitarstjórnar um landnotkun og fjallar um stefnumörkun í skipulagsmálum.



Sveitarfélagið telur að með nýju svæði fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi við Hnútu í aðalskipulagi og lýsing á helstu einkennum virkjunar í mati á umhverfisáhrifum, sé sett fram stefna sem stuðli að markvissri þróun fyrir íbúa á svæðinu til framtíðar.

Breytingin er háð þágildandi lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana sbr. 1. viðauka við lög nr. 106/2000 og þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. en þar segir í lið 3.02 að jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira séu í A-flokki en þar eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig er framkvæmdin háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem tóku gildi í september 2021. Framkvæmdin við Hnúta í Hverfisfljóti var úrskurðuð matsskyld. Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið í formlegu matsferli síðan 2006 með hléum og fyrir liggur matsskýrsla frá desember 2019 (Mannvit). Skipulagsstofnun gaf út álit 3.júní 2020 þar sem stofnunin telur að fyrirhuguð virkjun muni hafa verulega neikvæð áhrif á Kötlu jarðvang, skerði óbyggð viðerni sem fjallað er um í Landskipulagsstefnu 2015-2026 og Skaftáreldahraun.

Í matsskýrslu er meðal annars fjallað um áhrif á ásýnd fyrir svæðið sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á helstu einkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, meta gildi og viðkvæmni og hve mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd geti haft á sjónræna þætti og upplifunargildi. Jafnframt er í matsskýrslu fjallað um áhrif á jarðmyndanir, gróður, lífríki, samfélag og mótvægisáðgerðir.

Markmið breytingarinnar á aðalskipulagi er að auka raforkuöryggi á svæðinu og framleiða rafmagn til sölu á almennan markað. Auk þess gilda markmið Aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 um iðnaðarsvæði sem eru:

- o Auka þarf atvinnusköpun á öðrum sviðum en ferðaþjónustu.
- o Að raforkuvinnsla nýtist til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar í Skaftárhreppi.
- o Að virkjunaráform og hugsanlegar framkvæmdir lúti skilyrðum umhverfismats og hlíti samanburði við aðra nýtingarkosti sem íbúar sveitarfélagsins telja fýsilega.

Sveitarfélagið telur að framkvæmdin geti samræmst markmiðum í Kötlu jarðvangi en þar segir að svæðið hafi stefnumótun um sjálfbæra efnahagslega þróun. Markmið með KÖTLU jarðvangi er ekki að stöðva efnahagslega þróun, jarðvangurinn er stór og þekur 9542 km² landsvæði og rúmlega 9% af flatarmáli landsins. KATLA jarðvangur nær yfir frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Þéttbýliskjarnar í Kötlu jarðvangi eru Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur. Áform um vatnsaflsvirkjun við Hnúta hafa verið í aðalskipulagi sveitarfélagsins síðan 2008 og komu ekki í veg fyrir stofnun jarðvangsins 2011 og því telur sveitarfélagið að 9,3 MW rennslisvirkjun rúmist innan jarðvangsins og muni ekki skerða gildi hans. Umfang virkjunaráforma í aðalskipulagi hafa verið minnkuð frá upprunalegum hugmyndum.

Sveitarfélagið telur jafnframt að þar sem fyrirhuguð framkvæmd er utan marklínu hálendismarka og falli hún því ekki innan þeirra skilgreiningar er varðar viðerni segir „46. gr. Óbyggð viðerni. Friðlýsa má sem óbyggð viðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum“ (lög nr. 60/2013). Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er í kafla 1.1 lögð áhersla á að viðhaldið skuli sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins og landslagsheildum. Þrátt fyrir nálægð við miðhálandið liggur svæðið ekki innan þess og er aðeins hluta til innan óbyggðra viðerna, það er þó nokkru neðar í landi og þar er að finna nálægt býli í ábúð og landbúnaðarsvæði, vegslóða og fjallakofan Miklafell og því ekki talið að óbyggð viðerni eigi við. Framkvæmdinni fylgir hins vegar rask og mun breyta einkennum landslags og ásýnd svæðis.

Í niðurstöðu sinni telur því Sveitarfélagið að þrátt fyrir að áhrif verði á KÖTLU jarðvang, og að hluta til á óbyggð viðerni og Skaftáreldahraun þá samræmist virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu



markmiðum aðalskipulags og að það sé jákvætt að styðja við orkuvinnslu á endurnýjanlegri orku í sveitarfélaginu sem geti stuðlað að fjölbreyttari atvinnuuppbyggingar og atvinnusköpun í Skaftárhreppi til framtíðar.

Sveitarfélagið mun fylgja eftir kröfum um mótvægisáðgerðir, vöktun eftirlit og samráð við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fyrir framkvæmdinni.

Afstaða sveitarstjórnar

Framkvæmd þessi mun skapa fjölmörg störf á byggingartíma virkjunarinnar sem taka nálægt tveim árum.

Að byggingartíma loknum munu varanlegt störf vera tvö til þrjú. Þar til viðbótar koma afleidd störf. Það er einn að megin hlutverkum sveitarstjórnar að tryggja atvinnu í sveitarfélaginu og skapa ný störf, þetta er forsenda þess að byggð haldist áfram blómleg til framtíðar.

Loflínur á þessu svæði eru orðnar gamlar og þar að auki fulllestaðar þannig að frekari uppbygging atvinnulífs á svæðinu verður stöðugt erfiðari.

Erfitt veður að þjónusta rafmagnsbíla með hleðslustöðvum ef ekki kemur til aukið rafmagn á svæðinu. Fyrirhuguð orkuskipti ökutækja sem stjórnvöld stefna að eru óframkvæmanleg hvað þetta svæði varðar að óbreyttu. Þess má geta að hraðhleðslustöð tekur 150 kw.

Umhverfisáhrif virkjunarinnar eru mjög lítil. Ekki mun safnast fyrir framburður í farvegi né í kring og við hönnun á virkjuninni er gert ráð fyrir að framburði verði skolað niður ána jafnóðum um sérstaka botnrás.

Rennslisbreytingar verða með þeim hætti að rennsli minnkar svolítið á virkjuðum kafla að öðru leyti munu rennslisveiflur vera með sama hætti og þær hafa verið síðustu árhundrað.

Vegalagning sem fylgir þessari framkvæmd munu falla vel inn í landslagið, bæta aðgengi að svæðinu um ókomna framtíð og gera fólki mögulegt að nálgast það fallega landslag sem þarna er að finna. Í því liggja tækifæri fyrir ferðaþjónustuna ásamt að dreifa álagi á fjölsóttu ferðamannastaði í Skaftárhreppi.

Það má öllum ljóst vera að þessi virkjun mun skapa það öryggi í raforkumálum sem nauðsynlegt er fyrir svæðið og tryggja að eðlileg uppbygging geti átt sér stað.

Það er rétt að geta þess að Skaftfellingar eru frumkvöðlar á Íslandi í vatnsvirkjunum bæði í smíði og uppsetningu minni virkjana.

13) Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulaginu, en bendir á sækja þurfi um starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um Hollustuhætti og að efnistaka, framleiðsla á ofniáburði, fyllingarefnum, efnislosun, starfsmannabúða, neysluvatns o.fl., sé starfsleyfiskylt samkv. reglugerð nr. 550/2018.

Sveitarstjórn mun setja skilyrði að framkvæmdaraðili leggi fram efnistökuáætlun áður framkvæmdarleyfi er veitt.

14) Landsnet

Heildarorkunotkunin í dag 2021 í Skaftárhreppi er 21,9 GWh og afltoppurinn er 4,4 MW. Varðandi orkuþörf í Skaftárhreppi þá er skv. Raforkuspá gert ráð fyrir að hámarks aflnotkun verði í kringum 5,5 MW árið 2060 eða 27,6 GWh.



Í Kerfisáætlun Landsnets er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í flutningskerfinu á þessu svæði. Afhendingarstaður Landsnets í Skaftárhreppi er á Prestsbakka og er hann nokkuð vel tengdur flutningskerfinu með tveimur 132 kV flutningslínunum. Hins vegar er fyrirkomulagið í tengivirkinu á Prestsbakka með þeim hætti að ekki er fullt N-1 öryggi á staðnum þ.e. ef önnur línan fer út þá fer hin líka sem veldur algjöru straumleysi. Þetta stendur til bóta og er endurnýjun tengivirkisins á Prestbakka á 10 ára áætlun, þó er það ótímasett enn sem komið er.

Sveitarstjórn vill sérstaklega koma því á framfæri að skv. starfsmönnum Landsnets er öll orkufæðing inn á kerfið úr Skaftárhreppi til mikilla bóta. Landsnet fagnar orkuframleiðslu í héraði.

15) RARIK

Ætla má að umrædd virkjun tengist á spennu sem er hærri en dreifispenna dreifikerfis RARIK á Svæðinu. Virkjunin myndi því tengist beint í tengivirkið á Prestbakka. Verði virkjunin hæf til eyjarekstrar þ.e. getur framleitt án þess að tengjast öðru raforkukerfi, myndi hún fyrst og fremst koma að gagni þegar að afhending Landsnets á Prestbakka er ekki til staðar.

Á tímabilinu 2016 til 2020 hefur alls 11 sinnum komið til truflana (sjá nánar í xl fylgiskjali).

Því má ætla að raforkuafhending inn á dreifikerfi RARIK og þar með til notenda myndi verða öruggara og hægt væri að leggja af varavél á Klaustri og þar með minnka olíunotkun í bilanatilfellum.

16) Fiskistofa

Gerir ekki athugasemdir

Afstaða fulltrúa Z-lista í skipulagsnefnd, þeirra KH og JBJ er eftirfarandi:

Fulltrúar Z-listans, minnihluta í Skipulagsnefnd Skaftárhrepps, benda á að í svörum í nafni Skaftárhrepps við athugasemdum við skipulagsbreytingar vegna Hnútu virkjunar skortir á efnisleg svör og rök fyrir þeim fullyrðinum sem meirihluti sveitarstjórnar segir um virkjunarframkvæmdirnar, sbr. erindi Skipulagsstofnunar þar um.

Í nügildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps segir að virkjunnarsvæði við Hnútu verði afmarkað sem iðnaðarsvæði með fyrirvara um niðurstöðu rammaáætlunar, rannsókna og umhverfismats. Sá fyrirvari stendur enn og er framkvæmdin því þvert á ákvæði nügildandi aðalskipulags. Þá njóta náttúruminjar á svæðinu sérstakrar verndar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og skal ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til. Engin rök hafa komið fram sem segja að það sé nauðsynlegt að fara í þessar virkjunarframkvæmdir.

Afhendingaröryggi rafmagns í héraðinu hefur verið bætt til muna undanfarin ár, m.a. með lagningu jarðstrengja sem leystu af hólmi stopular loftlínur. Með endurnýjun tengivirkisins á Prestsbakka, sem framundan er, mun öryggið aukast enn frekar. Þá verður ekki fram hjá því horft að rafmagnsframleiðsla í Hnútu virkjun verður aldrei annað en óstöðug; farvegur Hverfisfljóts verður vatnslítill yfir köldustu mánuði ársins sem þýðir að þá verður jafnvel að stöðva framleiðslu vegna vatnsskorts og á sumrin þegar aurburður er mikill er ráðgert að stöðva virkjunina í allt að tvo mánuði og hleypa honum í gegnum aurskolunarmannvirki sem verði staðsett í meginfarvegi fljótsins.

Fulltrúar Z-listans, minnihluti skipulagsnefndar, leggja ríka áherslu á að öll svör meirihluta sveitarstjórnar sem lögð eru fram í nafni sveitarstjórnar til málsins eru einungis afstaða meirihluta hennar. Fulltrúar Z-listans fara fram á að úr því verði bætt hvar sem koma fram bókanir frá sveitarstjórn um þetta mál.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er eftirfarandi:



Fulltrúar D-lista þeir, RÞG, JAJ og BVG leggja til við sveitarstjórn að aðalskipulagsbreytingin með viðeigandi uppfærslum verði samþykkt og fái málsmeðferð skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fulltrúar D-lista þeir, RÞG, JAJ og BVG leggja til við sveitarstjórn að deiliskipulagsillagan með viðeigandi uppfærslum verði samþykkt og fái málsmeðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fulltrúar Z-lista KH og JBJ hafna afgreiðslum D-listans á aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagstillögunni og vísa í ofangreinda afstöðu Z-listans og fyrri bókanir varðandi málið.

2. Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri - 1901004

Um er að ræða breytingu á DSK Læknisreits sem frestað var að afgreiða á 170.fundi skipulagsnefndar 9.des 2021. Breytingin felur í sér að breyta tveimur einbýlishúsalóðum í tvær fjölbýlishúsalóðir og þriggja íbúða raðhúsalóð í fjöggra íbúða raðhúsalóð. Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram sniðmyndir sem sýna afstöðu húsa í hæð/götuhaðir við Skriðuvelli 12, 14, 15, 17, 19, 21 og 23 innbyrðis og við aðliggjandi hús svo sem Skriðuvelli 7, 9 og 13. Jafntframt hugmynd að lausn varðandi vatnaveitingar milli lóða frá Kvennaklifi. Jafnframt hvort deiliskipulagsbreytingin hafi áhrif á þegar úthlutaðar lóðir.

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

Í ljósi framlagðra gagna sem fyrir fundi liggja, leggur skipulagsnefnd það til við sveitarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og afgreidd þannig að

Skriðuvelli 15 verði einnar hæðar einbýlishúsalóð,

Skriðuvelli 17 verði tveggja hæða, 3 íbúða fjölbýlishúsalóð, kvöð um rispak með mænissstefnu með fjalli

Skriðuvelli 19 verði tveggja hæða, 2-3 íbúða fjölbýlishúsalóð, kvöð um rispak með mænistefnu með fjalli

Skriðuvelli 2-6 verði 4 íbúða raðhúsalóð.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leysa vatnaveitingar um jarðgerða rás á milli lóðanna Skriðuvelli 17 og 9.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að afgreiða og auglýsa deiliskipulagsbreytinguna í b-deild stjórnartíðinda í samræmi við 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Í framhaldinu er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa lausar lóðir á Kirkjubæjarklaustri, þ.e. Skriðuvelli 15, 17, 19, 21 og 23.

3. Orustustaðavegur 2 - Deiliskipulag - 1603039

Friðrik Friðriksson fh. Hreiðars Hermannssonar kt. 0206484069 sækir um heimild til DSK gerðar fyrir Orustustaðaveg 2 (sjá meðf. fskj)

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsnefnd vill benda umsækjanda á ákvæði í greinargerð gildandi aðalskipulags undir spildur og jarðir:

Landstærð 0,5-3 ha Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02 en að hámarki 600 m² samanlagt og að hámarki 3 hús.

Landstærð 3-15ha Hmarksnýtingarhlutfall N:0,02 en að hámarki 1000 m² samanlagt og að hámarki 5 hús



Landstærð >15ha Hámarksnýtingarhlutfall almenn ákvæði í samræmi við texta er varðar ferðabjónustu á landbúnaðarsvæðum. Allt að 3 íbúðarhús fyrir utan þau sem tengjast búrekstri. Allt að 3 frístundahús. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru)

4. Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2022 - 2201001

Lögð er fram Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2022 til yfirferðar og afgreiðslu.

Skipulagsnefnd bókar eftirfandi:

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2022 verði samþykkt og send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) til staðfestingar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

5. Klausturvegur 15 - byggingarleyfi fyrir fjarskiptamastri - 2201002

Jón Grétar Magnússon fh. Mílu ehf. kt. 460207-1690, sækir um byggingarleyfi til að reisa fjarskiptamastur að Klausturvegi 15, L163503 (sjá meðf. fskj)

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að afla frekari upplýsinga um nauðsyn staðsetningar og mikilvægi og grenndarkynna málið síðan í framhaldinu.

6. Rekstrarleyfi - 2110006

Uppfærð óveruleg breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Breyting á skilmálum fyrir frístundabyggð F4 í Hæðargarði

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytinguna og auglýsa síðan niðurstöðu sveitarstjórnar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

7. Kynningartillaga að endurskoðuðu ASK fyrir Rang Eystra 2020-2032 - 2201009

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

Fyrir liggur á heimasíðu Rangárþings eystra kynningartillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2020-2032. Skipulagsnefnd Skaftárhrepps hefur engar athugasemdir við framlagða kynningartillögu en áskilur sér allan rétt til að koma fram með athugasemdir á síðari stigum þegar tillaga að aðalskipulagi verður formlega auglýst.

8. HMS - 11.gr. bygg.reglugerðar, breytingar - 2201003

Til kynningar



Rúnar Þorri Guðnason

Jón Atli Jónsson

Bjarki Guðnason

Kristbjörg Hilmarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir